

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018, Herragarðar, Sveitarfélagið Garður.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. september 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018 frá 19. október 1999.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Íbúðarsvæði á Rafnkelsstaðabergi stækkar og við það breytist óbyggt svæði í íbúðarsvæði og opið svæði til sérstakra nota.
- Tenging hverfisins við Garðveg færir til austurs.
- Gert er ráð fyrir göngustíg frá Garðvegi og eftir Rafnkelsstaðabergi.
- Gert er ráð fyrir reiðstíg frá Herragörðum að núverandi reiðstíg og reiðgöngum bætt við undir Garðveg.
- Gert er ráð fyrir nýrri götu neðan iðngarða.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Gerðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 26. september 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.